

Samantekt

Markmið skýrslunnar var að skoða stöðu innflytjenda og einstaklinga sem kom til Íslands til að vinna. Þetta var gert með því að skoða heimildir, taka viðtöl við einstaklinga sem vinnu að málefnum erlends vinnuafns eða hafa reynslu af vinnumarkaðnum og skoða þrjú dæmi eða fyrirmyndarverkefni sem beinast að þessum hópi.

Í kaflanum sem snýr að tölfræðigagnaöflun og greiningu á gögnum kemur í ljós að innflytjendum á Íslandi hefur farið fjölgandi á undanföllum árum. Mikil fækkun varð á árunum eftir hrun, en aldrei verið jafn miklir fólksflutningar til Íslands og 2019. Pólskir ríkisborgarar eru stærsti innflytjendahópurinn á Íslandi, eftir þeim koma einstaklingar frá Litháhen. Þau vandamál sem við erum að sjá í dag eru að nýjir hópar eru að flytjast til landsins sem hafa ekki mikinn félagslegan stuðning, eða stoðkerfi innflytjenda sem hafa verið lengur á landinu. Þetta setur þá einstaklinga í viðkvæmari stöðu, þar sem að þeir geta ekki leitað til samlanda sinna og tungumálakunnátta þeirra er oft ekki góð, hvorki á íslensku né ensku. Í niðurstöðum um fyrirmyndar verkefni sem hafa verið í gangi var skoðað Fjölmenningarsetrið á Ísafirði sem hefur unnið gott starf við það að aðstoða innflytjendur og berjast fyrir þeirra réttindamálum. Vefur þeirra hefur að geyma margar mikilvægar upplýsingar sem auðvelt er að nálgast. Annað verkefnið var Stéttarfélagið Efling, sem hefur í auknum mæli að horfa til þessara hópa, en ríflega helmingur félagsmanna þeirra er af erlendum uppruna. Þá var rætt um auknar áherslur Eflingar á vinnustaðaeftirliti og að koma upplýsingum til ólíkra hópa. Þriðja verkefnið sem var tekið fyrir var “Einn réttur, ekkert svindl” sem ASÍ stýrir og snýr að því að upplýsa einstaklinga á íslenskum vinnumarkaði um réttindi sín og hvert þeir geta leitað. Í þriðja kafla skýrslunnar eru tekin saman viðtöl sem tekin voru við einstaklinga tengda málefnum innflytjenda á atvinnumarkaði. Þar kom fram að enn er langt í land með að innflytjendur þekki réttindi sín og að hópurinn sé ennþá viðkæmur á atvinnumarkaðnum. Þá var einnig gagnrýnd flókin kerfi og lélegt upplýsingaflæði til hópanna og tilraunir atvinnurekenda til þess að brjóta á einstaklingunum. Eftir upplýsingaöflun skýrslunnar er ljóst að margt þarf að gera til þess að bæta stöðu innflytjenda og erlends verkafólks á Íslandi og allir fagaðilar sem talað var við voru sammála um að verkefni líkt og KYR gæti bætt þekkingu og stöðu fólks af erlendum uppruna á vinnumarkaði.